

ICELANDAIR: FARÞEGUM FJÖLGAÐI UM 15% Í NÓVEMBER

Icelandair flutti alls 347 þúsund farþega í nóvember sem er aukning um 15% milli ára. Vöxturinn var mikill á markaðnum frá Íslandi, þar sem farþegafjöldi jókst um 25% milli ára, og á tengimarkaðinum um Íslandi þar sem aukningin var 18%. Í mánuðinum voru 31% farþega á leið til Íslands, 20% frá Íslandi, 42% voru tengifarþegar og 6% ferðuðust innanlands.

Sætanýting nam 83,5% og stundvísi var framúrskarandi, 88,8%, og jókst um 4,1 prósentustig samanborið við síðasta ár. Samkvæmt Cirium Analytics var Icelandair stundvísasta flugfélagið í Evrópu í nóvember, en þetta er í fimmta skipti sem félagið hlýtur þessa viðurkenningu á árinu 2025. Það sem af er ári hafa 4,7 milljónir farþega flogið með Icelandair, 8% fleiri en á sama tímabili í fyrra.

Seldum blokk tímar í leiguflugsstarfsemi félagsins fækkaði um 3% á milli ára. Fraktflutningar, mældir í tonnkilómetrum, drógust saman um 10% sem skýrist af minni fiskútflutningi en á sama tíma á síðasta ári. Kolefnislosun á hvern tonnkilómetra dróst saman um 1%, vegna hærra hlutfalls eyðslugrenni flugvéla í flotanum.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair:

„Nýliðinn nóvember var sá stærsti í sögu Icelandair sem endurspeglar áherslu okkar á að draga úr árstíðasveiflu og byggja upp eftirspurn utan háannatíma. Við erum sérstaklega ánægð með að fjölgun farþega var umtalsvert meiri en aukning framboðs, sem skilaði met sætanýtingu í nóvember. Þar að auki var stundvísi framúrskarandi en við vorum stundvísasta félagið í Evrópu í fimmta sinn á þessu ári. Þessar tölur eru til marks um styrk og áreiðanleika leiðakerfisins okkar og frábæra vinnu starfsfólks.“

Nánari upplýsingar

Fjárfestar: Íris Hulda Þórisdóttir, yfirmaður fjárfestatengsla. Netfang: iris@icelandair.is

Fjölmiðlar: Ásdís Pétursdóttir, forstöðumaður samskipta og sjálfbærni. Netfang: asdis@icelandair.is

Viðhengi

[11 Traffic Data](#)